Þinqu-Fróðfu.

Nú skal burt úr bænum halda
betra loft að fá.
leita að hvaumi til að tjalda
tæru vatni hjá.....



TRÉSMIÐJA EYRARBAKKA
(sími 20)

smíðar fyrir yður:
GLUGGA,
HURÐIR,
KARMA,
KARMALISTA,
GLUGGALISTA,
DÚK- og GÓLFLISTA,
ELDHÚSINNRÉTTINGAR
og BÍLHÚS.

hefur venjulega fyrirliggjandi:
HRÍFUSKÖFT,
HRÍFUHAUSA,
ORF og ORFAEFNI,
RÚMSTÆÐI,
STOFUBORÐ,
KOFFORT,
og STOKKTRÉ.

Komið eða hringið í síma nr. 20 áður en þér festið kaup annarsstaðar.

Virðingarfyllst.

TRÉSMIÐJA EYRARBAKKA.

S. Ó. ÓLAFSSON & CO, SELFOSSI.

Á síðastliðnu ári settum við frystivélar í frystihús okkar hér.

Höfum því ávalt fyrirliggjandi:

ÞROSIÐ DILKAKJÖT,

NÝJA KÆFU í litlum pokum,

NÝREYKT HANGIKJÖT o.fl.,o.fl.

Reynið viðskiftin.

S. Ó. ÓLAFSSON & CO,

SELFOSSI.

Göngu-Hrólfur.

Útgefandi: Skátafélagið "Svanir" Stokkseyri 4. árg. 1939.

Ritstjóri: Svanur Karlsson.

Á VÍÐ OG DREIF.

Þá kemur nú Göngu Hrólfur fyrir almenningssjónir í fjórða skipti, náttúrlega fróðlegur og skemmtilegur að vanda. Efnið, sem hann flytur er eins og áður: greinar, lausavísur, ferðasögur og ýmsar aðrar frásagnir, allt eftir skáta úr skátafélaginu "Svanir", sem nú eru orðnir 25 að tölu, þar af 7 ylfingar.

Ylfingadeild félagsins var stofnuð á gamlársdag 1937, með fimm meðlimum. Þrír þeirra eru nú orðnir skátar, en fimm hafa bæst við. Ylfingar eru, eins og lesendurnir máske vita, drengir sem ekki hafa aldur til að starfa sem skátar. Starf þeirra er bygt á sama grundvelli og skátanna en allt í smærri stíl eftir þroska þeirra. Það er leikur, sem allur miðar að því að búa drengina sem best undir lífsbaráttuna, sem allir eiga fyrir höndum.

Á síðastliðnu sumri var haldið skátamót á Þingvöllum. Var það Væringjafélagið í Reykjavík, sem stóð fyrir því í tilefni af 25 ára afmæli sínu 1. sumardag 1938. Í því tóku þátt margir erlendir skátar og mun oft hafa verið glatt á hjalla. Tveir af meðlimum skátafélagsins "Svanir" tóku þátt í mótinu og ennfremur heimsótti það fjöldi annarra félagar. Frá mótinu mun verða ítarlegar sagt á öðrum stað hér í blaðinu.

Félagið hefur farið nokkrar útilegur og skíðaferðir Stækkar nú óðum hópur skíðamanna, eftir því sem fleiri kynnast þessari hollu og skemmtilegu íþrótt. Að vísu er það svo að skíðaferðir hér á Stokkseyri eru nokkrum erfiðleikum bundnar þegar snjór er ekki á láglendi og fara þarf upp á hálsheiði. En með góðum vilja og samheldni er hægt að komast til tölulega létt frá þeim erfiðleikum.


Til fjáröflunar hefur félagið, frá fyrstu tíð, ræktað kartöflur, selt merki og gefið út Göngu-Hrólf. Vonast félagið eftir að almenningur taki vel á móti honum sem fyr og láti engan sölumann snauðan frá sér fara.

Styrkið skátafélagsskapinn. Hann er besta uppeldið, sem þér getið gefið börnum yðar.

Ritstj.

LANDSMÓT SKÁTA Á ÞINGVÖLLUM 1938.

Í glampandi sólskini og sumarblíðu safnast skátar, frá öllum landsfjórðungum á Íslandi og átta erlendum þjóðlöndum, til þingvalla. Troðfullir bílar renna hver á eftir öðrum þéttskipaðir glöðum æskulýðnum. Þarna er hrúgað saman ólíkustu mönnum af öllum stéttum og með ólíkar lífsskoðanir. Úlf ára drengir og menn á sextugsaldri. En e.t.v. er þó fleira, sem sameinar þá en skilur. Þeir eru allir skátar og um leið góðir lagsmenn. Og þótt sumir eigi meira en 50 ár að baki og einhversstaðar kunni að vera grá hár í vöngum og jafnvel afatitill -inn sé háskalga nærri sumum skyldi enginn halda að hér séu gamlir menn á ferð. Þetta eru allt drengir og andlitin ljóma af gleði og tilhlökkun. Þegar sungnir hafa verið nokkrir skátasöngvar eru allir orðnir aldavinir, þótt þeir hafi aldrei sést áður. "Vér elskum þitt fagra friðland og fögnum að eiga griðland í reginfjalla fögrum sal við fossaglaum í grænum dal." Syngja þeir af heilum hug.



Þegar austur kemur er tekið til starfa við að reisa tjöld og elda mat. Við Stokkseyringar fengum tjaldstað við hliðina á Örum í Reykjavík. Flutningsbíll mótorhjólasveitarinnar með nafni "Hræðlestin" hafði bilað, eins og stóð í kvæði, sem dönsku skátarnir orktu: "Lægens lastbil fik punkteret paa alle Hjul og vi lappede den med en Tyggegum". En með nefndri Hræðlest áttu Ernirnir sinn flutning og voru því húsnæðis og atvinnulausir. Það voru því margar hjálpsamar hendur, sem aðstoðuðu okkur við að reisa tjaldið. Síðan söfnuðust inn í það svo margir, sem það gátu Og þá var sungið og leikið og talað og hlegið. " Og það varð kvöld og það varð morgunn hinn fyrsti dagur, " eins og stendur í 1. b.Móse.

Rúm Göngu-Hrólfs leyfir ekki að skýra ítarlega frá öllu, sem gerðist á mótinu. Veðri var alltaf jafngott og skapið l.flokks. Smáefintýri gerðust öðru hverju. Og hvort heldur voru höpp eða óhöpp var öllu snúið upp í gaman. Ekki sinn þegar ekkert sérstakt var á dagskrá og flestir voru dreifðir hér og hvar að leikjum, var skyndilega blásið í lúður, og var það merki þess að allir skyldu mæta heima við tjöld. Þegar þangað kom var tilkynnt að ferðamaður hafi týnst upp við Ármannsfell og væru skátar beðnir að leita hans. Þá skyld sýnt að skátar væru viðbúnir. Tuttugu röskir skátar voru valdir í leitina. Undirritaður hljóp heim í sjúkratjald og fékk þar tösku fulla af sárabindum, lyfjum, beinbrotaspelkum og svo framvegis. Þá var lagt af stað. En ekki höfðum við gengið lengi þegar við mættum hinum týnda syni. En hann var ekki þakklátur og auðmjúkur eins og týndum syni ber að vera. Samferðafólk hans fékk víst engar þakkir fyrir framkvæmdina.

Flest kvöldin voru kyntið varðeldar. Þar var sungið og leikið. Oft var gert góðlátlegt gaman að viðburðum dagsins í ljóði og söng. Samanber söng Dananna um "Léjrens Lastbíl". Vafalaust hefði margt af því illa staðist strenga bókmenntagagnrýni. En allir voru samtaka um að vera glaðir og góðir lagsmenn. Á daginn voru stundum farnar fjallgöngur og smærri ferðir. Lengsta gangan var á Þórisjökul, þar við litum yfir suðvesturland og Faxaflóa úr 1400 metra hæð og Ísland skartaði með öllum sínum fegurstu ásjónum í litum og línum fundum við að staðurinn, sem við stóðum á, var heilagur. Og við sungum á sex tungumálum: "Fögur er foldin heiður er guðs himinn".

Laugardag og sunnudag, 9. og 10. júlí, söfnuðust flestir skátar og skátastúlkur úr nágrenninu til Þingvalla. Þá var mótið opið fyrir almenning og heimsótti það því fjöldi gesta, sem margir sváfu ítjöldum á sunnudagsnóttina . Eitt



var það athyglisvert við mótið, sem þó enga sérstaka athygli vakti, vegna þess hve sjálfsagt það var.. Af öllum þeim mannfjölda, semná mótinu var og heimsóttu það, neytti enginn áfengis og tóbaksnautn var lítil. En þannig er það þar sem heilbrigð æska skemmtir sér.

Í lok mótsins var farið inn að Hvítárvatni með viðkomu hjá Gullfossi og Geysi og fengum við mjög fallegt gos.

Mótinu var slitið með hátíðlegu samsæti á hótel Borg. Þar voru sungnir þjóðsöngvar allra þjóða, sem fulltrúa áttu á mótinu, og mótinu slitið með bræðralagssöngnum, sem hver og einn söng á sínu máli. Við kvöddumst hlýjum vinstri handarkveðjum glaðir og þakklátir hver öðrum fyrir samveruna og minnugir þess heits "að vengja saman lönd og lönd og líf vort helga frið"

Hlöðver Sigurðsson.

FORSÆTISRÁÐHERRA.

Þýtt úr dönsku.

Dauðinn vildi einu sinni fá sér forsætisráðherra og kallaði því saman sjúkdómana og lestina, en Beinamaðurinn - þ. e. dauðinn- drottnar yfir þessum grimmu verum.

Til þess að finna þann verðuga, lét hann meðlimi samkundunnar telja upp fyrir sér þá eyðileggingu, sem þeir höfðu valdið meðal mannanna. Sá, sem hafði náð mestum árangri átti að fá embættið.

Meðlimirnir gengu fram hver af öðrum, og það voru óg-urlegar skýrslur, sem þeir höfðu fram að færa. Eftir að hafa heyrt þær allar, sagði hinn bleiki dauði um leið og hann veifaði sínum hræðilega staf og merkti drykkjuskapinn sem hinn verðuga að stöðunni: " Þú verðskuldar heiðurinn. Menninrnir þekkja oft bræður þína og þeirra brögð, og vara sig á þeim eins og þeir geta, en til þín leita þeir gjarna sem vinar í neyðinni. Þeir hræðast ekki að láta þig dvelja á borðum sín-um, en finnst meira að segja þú vera glaður félagi og eru ekki sjaldan upp með sér að hafa þig fyrir gest.

Þú kannt listina að svikja þér yfirráðin yfir þeim, svo að þú færð tækifæri til að eyðileggja þá í hópum og fylla mína köldu klefa.

Þú skalt vera einn forsetisráðherra.

Veifaðu þínum svarta staf.

Hörður Sigurgrímsson þýddi.



Skátar allir skemmta sér
á skíðum upp til hlíða.
Falleg skíði fáðu þér
fljótt, og láttu ei bíða.

Á.J.

Og skíðin eiga að
vera frá.

BENEDIKT ÞÓRÐARSYNI. "Hissögn og skíði."

Vatnsstíg 3. Reykjavík.

V E R T U V I Ð B Ú I N N.

"Skáti", hrópaði Mundi til Nonna um leið og hann gekk upp bryggjuna. Mundi stóð undir fiskhúsi og reykti sígarettu. "Vertu viðbúinn", hrópaði Mundi aftur og henti snjókúlu, sem var nærri komin í höfuðið á Nonna.

Nonni brosti með sjálfum sér. Litlu sinni hafði honum verið raun að þessari áreitni. Nú stóð honum alveg á sama. Hann hafði oft fellt Munda í glíma og stundum háðulega. Og Mundi gat aldrei fyrirgefið Nonna að hann var bæði sterkari og glímnari. Annars voru þeir sæmilegir kunningjar öðru hvoru. Þegar Nonni kemur upp á götu heyrir hann angistaróp frá bryggjunni. Hann staldrar við og hlustar. Síðan hleypur hann niður eftir. Þegar þangað kom, var [illegible] þar fyrir. Tryggvi litli bróðir hans hafði dottið í sjóinn og var að sökkva í þriðja sinn. Munda lá við gráti af geðshræringu og ætlaði að fara að stökkva heim að sækja hjálp. "Vertu viðbúinn, að hjálpa mér þegar ég kem til lands", sagði Nonni hvast og mynduglega um leið og hann fór úr jakkanum og stakk sér til sunds. Eftir stutta stund tókst honum að ná Tryggva og koma honum að bryggjunni. En þá var hann aðframkominn af mæði og þreytu. Með hjálp Munda tókst honum þó að komast upp á bryggjuna með Tryggva.

"Hann er dáinn", sagði Mundi skjálfandi röddu og tárinkomu fram í augu hans. "Það er ekki víst". Farðu fljótt og hringdu í lækni og komdu svo", sagði Nonni. Mundi hljóp af stað, en Nonni losaði um fötin á Tryggva legði hann á grúfu og byrjaði öndunaræfingar. Eftir stundarkorna kom Mundi aftur og stóð á öndinni af mæði. "Vertu viðbúinn að taka við af mér, ég er orðinn þreyttur", sagði Nonni. "Ég kann þetta ekki", sagði Mundi og roðnaði lítið eitt. Nonni sýndi honum nú aðferðina og nú skiptust þeir á um að gera öndunaræfingar.

Bráðlega fóru að koma smákippir í brjóstið á Tryggva og jafnframt byrjaði snöggur og óreglulegur andardráttur. "Hann er lifandi", mæltum hvíslaði Nonni. Mundi stökk á fætur og greip í handlegg Nonna. Hann vissi naumast hvernig hann átti að láta í ljós gleði sína og vott Nonna þakklæti sitt. Í sama bili kom læknirinn akandi og nú byrjaði að fólk, sem frétt hafði um atburðinn. Tryggvi var borinn burt og fólkið fór á eftir. Drengirnir stóðu tveir eftir á bryggjunni. Þeir þögðu fyrst stundarkorn.

"Viltu stuðla að því að ég fái inngöngu í skátafélagið", sagði Mundi loks hálfstamandi. Nonni hugsaði sig um.

"Ef þú lofar því að hætta að reykja, við höfum sett okkur þar mark að allir félagarnir verði bindindismenn".

Mundi þagði stundarkorn. Hann hafði raunar alltaf öfundað skátana af þeirra frjálsu og einörðu framkomu eins og af leikjum þeirra og skemmtunum. En nú sá hann líka hvers virði æfingar þeirra og þjálfun var. "Ég lofa því", sagði hann ákveðinn.

Drengirnir tóku saman höndum og leiddust út með sjó. Þeir höfðu um svo margt að tala.

SKÍÐAFERÐ.

Þó að móðir náttúra hafi ekki verið sérlega hliðholl í garð skíðamanna ívvetur, hefur þó stöku sinnum verið sæmilegt skíðafæri út á Hellisheiði, sem nú er aðalleikvöllur skíðamanna hér í austursveitum og Reykjavík. Tvisvar höfum við Stokkseyringar farið út á Hellisheiði í vetur og ætla ég nú að lýsa öðru því ferðalagi.

Við leggjum á stað seinnipart laugardags með Steindórsbíl og erum fjórir saman. Í hveragerði komum við farangri okkar í geymslu, því þar er ákveðinn næturstaður. Síðan er haldið áfram út á Hellisheiði. Nokkuð fyrir utan Kamba stígum við á skíðin. Snjór er þar lítill, en færið óviðjafnanlegt og skapið fer eftir því.

Það er tunglsljós og ofurlítið frost. Við höldum á leið suður undir fjöllin og skíðin þjóta áfram með okkur. Þetta er hálf æfintýralegt. Stöku sinnum dregur fyrir tunglið og gerir hraungjóturnar draugalegar. Allt í einu heyrum við kallað. Við hrökkvum í kút og stönsum. Það er kallað aftur og nú áræðum við að taka undir. Skömmu seinna sjáum við mann koma á skíðum. Hann kastar á okkur kveðju og spyr hvort við höfum ekki orðið varir við



ÞAÐ VERSTA,

sem kemur fyrir
GÖNGUMANNINN,

er að verða skólaus.

En það er engin hætta á því ef
GUÐMUNDUR EBENESARSON

sólar skóna.

Hef einnig flestan skófatnað til sölu.

GUÐMUNDUR EBENESARSON

EYRARBAKKA.

studenta. Við kveðum, nei við. Enda hefur enginn okkar þá sérgáfu að þekja studenta frá öðrum mönnum. Síðan fer maðurinn og urðum við hans ekki varir meira. Við höldum nú áfram lengra suður, þar til við komum að klettabelti, sem við viljum ekki eiga neitt við að svo stöddu. Við snúum þessvegna norður undir veginn. Skíðin þjóta með okkur niður hallann, og við verðum að gæta okkar að lenda ekki á steinum, sem víða standa upp úr snjónum. Hrifningin er svo mikil, að andinn verður háfleygur og við förum að yrkja. Norður við veginn rennum við okkur dálitla stund, þar til áætlunarbíllinn kemur. Með honum förum við niður í Hveragerði. Þar fáum við hinar bestu viðtökur hjá Lárusi Rist, og gistum þar við sundlaugina um nóttina. Eftir hressandi bað í lauginni oog ágætan hafragrautarmorgunverð er haldið af stað út á fjall morguninn eftir. Þá hafa tveir bæst við í hópinn frá Stokkseyri, og ennfremur eru í bílnum skíðamenn frá Selfossi og Hveragerði. Er nú ekki stansað fyr en út hjá Flengingarbrekku. Þar er margt um manninn eins og endranær, Og fær margur "flengingu". En slíkt er ekki til að tala um, enda standa allir jafngóðir á fætur. Þarna líður svo dagurinn, við hina bestu skemmtun, sem hægt er að hugsa sér. Um kvöldið förum við út í Skíðaskála, en þar tekur bíllinn okkur og flytur okkur heim heila á húfi, þó að skíðaferðir séu, af sumum, álitnar hinar mestu glæfraferðir En það höfum við aldrei rekið okkur á. Svo lifum við í endurminningunum til næstu skíðaferðar, sem við óskum af heilum hug að verði sem allra fyrst.

Svanur.

V Í S U R.

Við skundum út á skíðum
og skerpum líkamsþrótt.
Við leikum létt í hlíðum
þó líði senn á nótt.
Því máninn gullinn glóir
og glampa norðurljós.
Í æðum fjörið flóir.
Nú fagna sveinn og rós.

X & Y.

Við leikum lausum hala
um landsins eyðifjöll.
Í faðmi frjórra dala
við fönnum grænann völl.
Þar tjaldstað okkur tökum
og tendrum viðarbál.
Hjá varðeldinum vökum
og vermum okkar sál.

Jón Sigurgrímsson, Holti.

ÆFINTÝRI TUMA ÞUMALS.
(Þýtt úr dönsku)



Tuma þumal þekkið þið áreiðanlega og hafið eflaust heyrt eitthvað um hvernig hann komst út í heiminn og lenti í mörgum ævintýrum. En ég er viss um að þið hafið ekki heyrt um það þegar hann heimsótti Austurlönd og hitti margt af því kunna fólki, sem sagt er frá í "Þúsund og einni nótt". Nú fáið þið að heyra söguna um það.

Fagran sumarmorgun gekk Tumi niður að höfn. Þar lá stórt skip, sem ætlaði að fara að leggja af stað, og þá langaði hann allt í einu til að vera með. "Það þarf ekki að vera mikið pláss til þess að ég komist með", sagði hann við sjálfan sig, og svo laumaðist hann um borð, án þess að nokkur sæi hann. Þegar maður er ekki stærri en fingur er auðvelt að fela sig svo vel að enginn sjái mann, og þessvegna var það heldur enginn, sem sá hann fara út í skip og inn í káetuna.

Á hyllu fyrir ofan hann var nóg af matvælum svo að hann þurfti ekki að svelta á þessari löngu ferð. Loksins komu þeir að landi og Tumi þumall stakk höfðinu út úr holu sinni, tila sjá hvernig hér liti út. "Þetta eru skrítnir menn", hugsaði hann þegar hann sá þrjá menn með kaffibrún andlit og hendur. "Ætli allir líti svona út hér í landi?" Mennirnir voru að tala við skipstjórann og Tumi notaði tækifærið og faldi sig í fötum eins þeirra. "Hér finna þeir mig alls ekki", skrikti hann, "og nú get ég komist út í borgina og séð mig um." Þar sem hann kom voru menn brúnir og sumir alveg svartir. Hann hugsaði með sér: "Ég verð víst að gera mig brúnan líka. Og ég veit hvernig. Ég þvæ mér upp úr kaffi. Þá verð ég brúnn." Þegar mennirnir komu aftur hafði Tumi falið sig milli kodda og ákæða í herberginu og nú hugsaði hann um það hvernig hann gæti orðið brúnn. Það var auðveldara en hann hafði haldið. Eftir nokkurn tíma kom stúlka með kaffibakka, sem hún lét á borð. Á bakkanum stóð meðal annars kanna með ilmandi kaffi. Mennirnir settust nú við borðið og nú heyrði Tumi allt, sem þeir sögðu. "Við lentum bara inn í fjárhirslurnar, þegar vinur minn hirslavörðurinn gefur mér umtalað merki", sagði sá feitasti. "Og við tökum með okkur nokkra poka, sem við getum fyllt með eins miklu gulli og silfri og við getum borið", sagði sá stærsti. "En þegar soldáninn kemst að því", sagði sá þriðji. "Hann kemst ekki að því, og þó að hann komist að því veit hann ekki að við höfum gert það", sagði sá feiti. Og mennirnir mösuðu mikið meira um þennan þjófnað, sem þeir ætluðu að fremja og Tumi þumall heyrði það allt. Hann ætlaði nú að vara soldáninn við sem fyrst, en áður varð hann að þvó sér úr kaffi. Nústóðu mennirnir upp tóku bolla sína og fóru,

en kaffikannan stóð kyr á borðinu. Nú klifraði Tumi þumall upp á borðið og lyfti lokinu af könnunni. Það var enn kaffi í henni og mikið af korg. -- Þar í landi er kaffi ekki búið til eins og hér. Korgurinn er nefnilega á botninum. -- Kaffið sauð ekki lengur, en var mátulega volgt. Tumi þumall stökk ofan í könnuna og og nuddaði korgnum um andlit sitt og hendur og seinast þvoði hann sér úr kaffinu. Hann var svo önnum kafinn við þetta að hann heyrði ekki þegar menn. irnir komu aftur. "Við skulum taka könnuna hurtu" sagði einn og ætlaði að taka könnuna. Í sama bili stökk Tumi þumall úpp úr könnunni og mennirnir hljóðuðu upp yfir sig af hræðslu og undrun. Þvílíkan dreng höfðu þeir aldrei séð. "Náum honum" hrópuðu þeir og ætluð að taka Tuma, en hann var svo fljótur að áður en þeir höfðu áttað sig, var hann búinn að fela sig milli kodda og óklæða og þeir gátu ómögulega fundið hann. Dyrnar voru opnar og þegar tækifæri gafst læddist Tumi út. Nú varð hann að komast til soldánsins. Það versta var að gatan var full af fólki og dýrum, sem flýttu sér áfram og Tumi þorði varla að hreyfa sig úr stað, því að hann var hræddur um að verða troðkaður ofan í duftið. Till allrar hamingju kom mikill hestur gangandi. Hann var hulinn margliðu áklæði úr silki, og á honum sat stúlka klædd dýrindis silkifatnaði. Maður gekk á undan hestinum og kallaði eitthvað með hárri röddu. Allir, sem heyrðu hrópið heigðu sig í auðmýkt og voguðu ekki að líta á þessa velklæddu stúlku, en hún var engin önnur en sjálf soldánsins, og var á leið til hallarinnar. En enginn mátti líta á hana. "Það getur ekki orðið betra" sagði Tumi þumalli. Og þegar hesturinn var kominn fast að honum náði hann taki í silkiklæði, en það náði næstum alveg til jarðar. Vegna þess að enginn leit upp sá hann engann þegar Tumi klifraði upp eftir áklæðinu og fór inn í hestskóna sem lá við hliðina á stúlkunni. Það var lítið gat á pokanum og gegnum það kíkti Tumi þumall, og það var mikið að sjá fannst honum. Loksins komu þau að höllinni og þá komu margar þjónustumeyjar, sem tóku á móti prinsessunni. Hin tók silkipokann sem Tumi þumall var í og bar hann inn í höllina. Tumi þumall rak upp stór augu þegar hann kom inn í herbergið og var orðinn einn. Þvílíkt skraut hafði hann aldrei séð, og fallegustu skrautmunirnir lágu þar á silfurbakka. Þetta átti prinsessan alltsaman. En það allra fallegasta var þó hún sjálf, þegar hún kom inn og varð svo undrandi yfir að sjá þennan litla pilt. "Hver ert þú" sagði hún, og hvernig hefur þú komist hingað inn?" Tumi þumall sagði henni nú alla söguna. Prinsessan sat sat mjög kljóð og hlustaði á allt saman; og þegar hann hafði lokið máli sínu, klappaði hún saman lófunum og sagði: "Lofaði mér að heyra það aftur" Vinstúlkur hennar og herbergisþernur komu nú inn og fengu að heyra alla söguna. En að því loknu fékk hann hjá þeim allar þær bestu kökur og drykki, sem þær gátu fundið. En fyrst sagði prinsessan: "Þú verður að þvo af þér kaffið, því að þú lítur svo hræðilega út eins og þú ert nú" Nú varð Tumi þumall glaður hann gat ekki lengur sætt sig við að hafa kaffið á andlitinu og höndunum. Stúlka kom nú vant og annað, sem þurfti til að þvo sér, og nú varð hann eins og hann átti að sér. Hann sagði prinsessunni það sem hann

hafði heyrt um þjófnaðinn. Hún sendi strax til bróður síns, sem varð mjög feginn að fá að vita þetta nógu snemma. Tuma var nú vel borgað fyrir þetta. Hann fékk að vera áfram hjá prinsessunni og mátti fara um alla höllina. Svo var það einn dag að hann fékk að fara upp á hallarþakið.— Vitið þið að í Austurlöndum eru húsin með flötum þökum? Þannig var höllin auðvitað líka. -- En þá sá hann storkinn, sem átti hreiður uppi á þakinu heima hjá honum. "Ert þú hér", sagði Tumi og heilsaði storkinum. "Það var gaman að hitta þig!" "Hér erum við á veturna", sagði storkurinn og sagði ungum sínum hver Tumi þumall var". "En á vorin fljúgum við heim aftur á bóndabýlið þitt. Ef þig langar heim, skal ég bera þig á bakinu þegar við förum heim í vor." "Mundu það." Sjá, allt, sem ég hér hefi sagt, hef ég eftir storkinum, sem talaði við Tuma þumal. En hvort Tumi þumall er enn hjá prinsessunni, eða hann hefur farið heim á baki storksins er spurning, sem verður að bíða að svara.

En nú er sagan ekki lengri.

Ástvaldur Jónsson þýddi lauslega.

SUNDLAUGIN Í HVERAGERÐI.

Þáir staðir munu betur úr garði gerðir frá náttúrunnar hendi til sundlaugar byggingar, en Hveragerði er. Enda er nú svo komið að búið er að byggja þar sundlaug. Mun það vera Ungmennafélag Ölfushrepps, sem aðallega stendur fyrir því verki. Mörg félög og einstaklingar munu þó hafa stutt byggingunaa, bæði með vinnu og fjárframlögum.

Búið er nú að byggja við laugina búningsklefa ásamt íbúð sundlaugarvarðar. Klefarnir eru nokkuð stórir og mun ætlunin vera sú, að fá í þá "bedda", svo að hægt verður að gista þar. Verður þetta sérstaklega hentugt fyrir skíðafólk því ágætt skíðaland er hægt að fá þar ámfrá. Efast ég ekki um að skíðafólk hér austanfjalls mun ekki láta það ónotað. Lárus Rist, sundkennari og umsjónarmaður laugarinnar, hefur haft á hendi umsjón verksins. Á hann þakkir skilið fyrir þann frábæra vilja og atorku, sem hann hefur sýnt þar.

En þó mikið sé búið að gera, þá er mikið eftir Og nóg tækifæri fyrir hvern sem er "að leggja hönd á plóginn", og vinna að því að sem flestir megi njóta hinnar fögru íþróttar, sundlistarinnar.

Ritstj.

S K Á T A R, og aðrir lesendur Göngu-Hrólfs. Skiftið við þá, sem auglýsa í Gönguhrólfi.

V E R S L U N

J Ó N S A Ð A L S T E I N S S O N A R

Stokkseyri.

selur:

V E F N A Ð A R V Ö R U R,

M A T V Ö R U R,

N Ý L E N D U V Ö R U R,

H R E I N L Æ T I S V Ö R U R,

Y M S A R S smávörur,

M Á L N I N G U,

STRIGA- og GUMMÍSKÓFATNAÐ

og ýmislegt til REIÐHJÓLA.

V A N D A Ð A R og

G Ó Ð A R vörur.

V E R S L U N

Á S G E I R S E I R Í K S S O N A R

Stokkseyri

selur:

M A T V Ö R U R allskonar,

N Ý L E N D U V Ö R U R,

H R E I N L Æ T I S V Ö R U R,

V I N U F A T N A Ð

o. m. fleira.

L Æ G S T V E R Ð

gegn staðgreiðsu.

Kaupir ennfremur flestarr

íslenskar afurðir.

T A K I Ð E F T I R.

MATVÖRUR s. s.: RJÓMABÚSOST-

UR, MYSUOSTUR, SATT, GOS-

DRYKKIR og fleira.

HREINLÆTISVÖRUR og margar

SMÁVÖRUR s. s.: TAUKLEMMUR,

VÍRÞVÖGUR, VASAHNÍFAR o.m.fl.

Sömuleiðis: VINNUFÖT, OLÍUFÖT

og BURSTAR af ýmsum gerðum.

ALLT selt gegn LÆGSTA VERÐI.

EGG tekin í vöruskiftum.

V E R S L U N

JÓSTEINS KRISTJÁNSSONAR

BRÁVÖLLUM.

F E R Ð A M E N N.

E F þér þurfið að ferðast

á leiðinni STOKKSEYRI --

EYRARBAKKI -- SELFOSS --

HVERAGERÐI -- REYKJAVÍK.

E Ð A vanti yður bíla í

S K E M M T I F E R Ð I R:

Þ Á er það a l l t af

P Á L L G U Ð J Ó N S S O N

og hans ágætu bílar, sem best

fullnægja óskum yðar.

PÁLL GUÐJÓSSON

Stokkseyri.

Árnesingar!

Verslið

við

Kaupfélagið.

það er

ykkar

verslun.

Kaupfélag Árnesinga